

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 275/2021

frá 24. september 2021

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (endurútgöfin) ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 334, 27.12.2019, bls. 164, og Stjtið. ESB L 419, 11.12.2020, bls. 36.
- 2) Tilskipun (ESB) 2018/1972 fellir úr gildi, frá 21. desember 2020, tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB ⁽²⁾, 2002/20/EB ⁽³⁾, 2002/21/EB ⁽⁴⁾ og 2002/22/EB ⁽⁵⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðirnar brott samkvæmt samningnum.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 5c_{zr} (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971):

„5c_{zs}. **32018 L 1972**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (endurútgöfin) (Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 334, 27.12.2019, bls. 164, og Stjtið. ESB L 419, 11.12.2020, bls. 36.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

(1) Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36.

(2) Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 7.

(3) Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 21.

(4) Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

(5) Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

a) Skilja ber tilvísanir til lagagerða Sambandsins, m.a. vísanir til Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og ákvæða hans, sem vísanir til EES-samningsins.

b) Í 28. gr. er eftirfarandi undirgrein bætt við 4. mgr.:

„Að höfðu samráði við innlend eftirlitsyfirkvöld getur Eftirlitsstofnun EFTA, að teknu ítrasta tilliti til álitserðar stefnuhópsins um fjarskiptatíðniróf (RSPG), samþykkt ákvarðanir sem beinast að viðkomandi EFTA-ríkjum.

Ef annað hvort Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórnin ætla að taka ákvörðun sem varðar vandamál eða deilu sem bæði hefur áhrif á EFTA-ríki og aðildarríki ESB skulu þær eiga samstarf með það að leiðarljósi að komast að samkomulagi um ákvarðanir til þess að leysa skaðlegar truflanir yfir landamæri. Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin skulu því taka ítrasta tillit til álits RSPG. Ákvæði 109. gr. EES-samningsins skulu gilda að breyttu breytanda.

c) Í 2. mgr. 31. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „267. gr. sáttmálans“, sem „34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“.

d) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 1. mgr. 65. gr.:

„Að loknu samráði við innlend eftirlitsyfirkvöld, getur Eftirlitsstofnun EFTA samþykkt ákvarðanir þar sem markaðir milli tveggja eða fleiri EFTA-ríkja eru auðkenndir.

Ef annað hvort Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórnin hyggst auðkenna millilandamarkað sem bæði hefur áhrif á EFTA-ríki og aðildarríki ESB skulu þær eiga samstarf með það að leiðarljósi að taka samhljóða ákvarðanir sem auðkenna þennan millilandamarkað. Ákvæði 109. gr. EES-samningsins skulu gilda að breyttu breytanda.

e) Að því er varðar EFTA-ríkin:

i) í 1. mgr. 100. gr. orðast „sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn“) og almennar meginreglur í lögum Sambandsins“ sem „grundvallarréttindi og almennar meginreglur EES-samningsins“;

ii) í 2. mgr. 100. gr. kemur hugtakið „grundvallarréttindi“ í stað orðanna „réttinda eða frelsis sem viðurkennt er í sáttmálanum“, „1. mgr. 52. gr. sáttmálans“ og „sáttmálan“.

2. Eftirfarandi er bætt við lið 5cla (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB):

„, breytt með:

– **32018 L 1972**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 (Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).“

3. Texti liðar 5cj (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB), liðar 5ck (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (2002/20/EB), liðar 5cl (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB) og 5cm (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB) fellur brott.

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2018/1972, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 334, 27.12.2019, bls. 164, og Stjtið. ESB L 419, 11.12.2020, bls. 36, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.